

**A 1695/presidiet**

Flytjandi:
Flokkahópur vinstri sósíalista
og grænna

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00281-2

Þingmannatillaga um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum

Tillaga

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að vinna að því að Norðurlöndin verði kjarnavopnalaus svæði og þar með samþykkja nauðsynlegar aðgerðir þar að lútandi

Aðdragandi

„Fullyrðingin um að hægt sé að hafa kjarnavopn að eilífu án þess nokkru sinni að beita þeim – af ásettu ráði eða fyrir misgáning – er ekki trúverðug“, skýrsla Canberra-nefndarinnar 1996.

Kjarnavopn eru hættulegustu gjöreyðingarvopn sem mannkynið hefur skapað. Alþjóðasamfélaginu hefur til þessa hvorki tekist að stöðva útbreiðslu kjarnavopna né að fá kjarnavopnaríkin til að afvopnast. Þess í stað er milljörðum varið í að nútímavæða og þróa kjarnavopn. Rannsóknir hafa sýnt svo ekki er um villst að skortur er á viðbragðsáætlun til að taka á afleiðingum kjarnavopna, og það er heldur ekki mögulegt að koma á neinni slíkri viðbragðsáætlun. Ef kjarnavopnabúr heimsins væri notað hefði það skelfilegar afleiðingar fyrir mannkynið um ómælda tíð.

Kjarnavopnalaus lönd verða að gera öllum ljóst að við tökum alþjóðalög og mannúðarsjónarmið mjög alvarlega. Kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum væri ekki bara rétt ákvörðun af öryggisástæðum, heldur líka mikilvægt tákni friðar og afvopnunar kjarnavopna gagnvart alþjóðasamfélaginu.

Í dag eru Suður-Ameríka og Karíbahafseyjar, suðurhluti Kyrrahafs, Suðaustur-Asía, Mongólía, Mið-Asía og Afríka kjarnavopnalaus svæði. Núverandi svæði ná til helmings landsvæða jarðarinnar, ná til 99 prósentu alls lands á suðurhveli jarðar og 74 prósentu alls lands utan kjarnavopnaveldanna. Um það bil 1,9 milljarðar manna búa á svæðunum.

Afstaða ESB til kjarnavopna einkennist hins vegar af ósamræmi. Í dag eru kjarnavopn í nokkrum evrópskum ríkjum – Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu og Hollandi. Um leið og lögð er áhersla á mikilvægi samningsins gegn útbreiðslu kjarnavopna, setja menn ekki spurningamerki við þá staðreynd að tvö aðildarríki ESB, Stóra-Bretland og Frakkland, ráða sjálf yfir og þróa kjarnavopn. Þetta gerist þrátt fyrir að samningurinn kveði á um að kjarnavopnaríkin hafi skuldbundið sig í kjölfar hans til að hætta allri notkun kjarnavopna. Auk þess hafa Bandaríkin komið fyrir kjarnavopnum í mörgum ríkja ESB. Bandarísku kjarnavopnunum er ekki bara komið fyrir á landsvæði þessara ríkja, þeim er einnig hægt að beita af viðkomandi landi ef til styrjaldar kemur. Þetta brýtur greinilega í bága við samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna, sem inniheldur bann gegn því að færa stjórn yfir kjarnavopnum frá kjarnavopnalöndum til landa sem hafa ekki kjarnavopn.

Aukin spennan á Eystrasaltssvæðinu hleypir nýju lífi í málið, ekki síst fyrir Norðurlöndin. Spennan í samskiptum Rússlands og NATO getur skapað hættu á aukinni trú á fælingarmátt kjarnavopna með eftirfarandi hervæðingu og ógnarjafnvægi. Slík þróun væri hörmuleg fyrir forsendur friðar og öryggis í Evrópu og í heiminum.

Stundum er vísað til samningsins gegn útbreiðslu kjarnavopna, (Non-Proliferation Treaty, NPT), sem tryggingar fyrir því að kjarnavopnalöndin muni ekki flytja kjarnavopn til landa sem hafa ekki yfir kjarnavopnum að ráða. Samningurinn gegn útbreiðslu kjarnavopna felur í sér að bara fimm ríkjum – Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi, Stóra-Bretlandi og Kína – leyfist að hafa kjarnavopn. Þau mega þó ekki deila þessum kjarnavopnum með öðrum og að auki er þess vænst að þau afvopnist, en það hefur bara gerst í mjög takmörkuðum mæli. Samningurinn kveður líka á um að önnur ríki sem eru aðilar samningsins skuldbindi sig til að hafna kjarnavopnum.

Þýðir þetta að þessi skuldbinding banni innflutning kjarnavopna? Samkvæmt II. gr. samningsins gegn útbreiðslu kjarnavopna ætti svarið sennilega að vera já. Vandinn felst í að Natóríkið Bandaríkin hefur aðra túlkun. Af hálfu Bandaríkjanna telja menn að kjarnavopn megi flytja til landsvæða landa án kjarnavopna án þess að teljast vera flutt þangað, svo lengi sem kjarnavopnaveldið hefur áfram fulla stjórn á þeim. Á þennan hátt hafa Bandaríkin komið fyrir kjarnavopnum í Hollandi, Þýskalandi, Belgíu, Ítalíu og Tyrklandi, en haldið stjórn á þeim. Það er athyglisvert að þetta er heldur ekki talið stríða gegn samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna af ríkisstjórnunum hlutaðeigandi landa.

Þó eru til lönd sem hafa tekið ótvíræða afstöðu í löggjöf sinni. Finnland er fyrirmynd hvað þetta varðar. Í kjarnorkulöggjöf Finna frá 1987 stendur skrifað undir fyrirsögninni „Kjarnahleðslur“ skýrt og skilmerkilega í 4. gr.: „Það er óheimilt að flytja kjarnahleðslur til Finnlands, sem og að framleiða á staðnum, eiga og sprengja slíkar hleðslur.“ Nýja Sjáland hefur líka, þrátt fyrir andmæli Bandaríkjamanna, samið slík lög að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar undir forystu Verkamannaflokksins og árið 1987 voru samþykkt „the New Zealand Nuclear Free Zone, Disarmament, and Arms Control Act.“

Það eru ekki til nein manngerð kerfi sem eru algjörlega örugg. Við þekkjum til nokkurra tilvika þar sem rangar upplýsingar hefðu getað haft afdrifaríkar afleiðingar og í versta falli verið upphaf kjarnavopnastyrjaldar. Skortur á öryggi, úr sér gengin tölvukerfi, misskilningur og óöryggi hefur margoft verið nálægt því að leiða til skots kjarnavopna frá meira en einu landi. Gölluð tölvuflaga og norsk tilraunaeldflaug fyrir veðurrannsóknir eru tvö dæmi um atvik sem bæði voru mjög nærri því að valda kjarnavopnaárás.

Norðurlandaráð

A 1695/presidiet

Flytjandi:
Flokkahópur vinstri sósíalista
og grænna

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00281-2

Samningar um kjarnavopnalaus svæði eru eitt af skilvirkustu verkfærunum gegn kjarnavopnum og gegn útbreiðslu kjarnavopna. Ef lönd geta haft vissu fyrir því að önnur ríki hafi ekki yfir kjarnavopnum að ráða dregur það úr áhuganum á að útvega sín eigin. Kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum er því mikilvægt tæki til að auka öryggi okkar.

Norðurlönd sem kjarnavopnalaust svæði hafa áður verið til umræðu, en það hefur aldrei leitt til neinna beinna ályktana. 15. maí 1982 komu 100.000 manns saman á og í kringum Nya Ullevi í Gautaborg og kröfðust þess að Norðurlöndin yrðu kjarnavopnalaust svæði. Haustið sama ár var byrjað að koma fyrir fyrstu nýju kjarnavopnunum í Evrópu. Mótmælin héldu áfram. Nefnd undir forystu Olof Palme lagði fram tillögu um kjarnavopnalaus leið í gegnum Evrópu. Árið 1993 samþykkti Norðurlandaráð einróma ályktun um tilmæli um Norðurlönd sem kjarnavopnalaust svæði. Þrátt fyrir þetta var enginn samningur gerður og hugmyndin féll í gleymsku.

Kjarnavopn eru einu gjöreyðingarvopnin sem enn eru ekki bönnuð samkvæmt alþjóðalögum. Stuðningurinn við slíkt bann er þó mikill. Til þessa hafa meira en 127 ríki skrifað undir mannúðarheitið *the Humanitarian Pledge* – frumkvæði og núna líka ályktun Sp um að banna algjörlega kjarnavopn. Það að svo mörg lönd eru reiðubúin til að taka samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna einu skrefi lengra og stöðva algjörlega kjarnavopn vekur upp vonir. Því miður hefur ekkert Norðurlandanna enn undirritað samninginn. Afstaða með kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum væru því mjög mikilvæg skilaboð. Norðurlöndin eru í sameiningu öflug og trúverðug rödd afvopnunar kjarnavopna. Á tímum aukinnar spennu á grannsvæðum okkar er sérlega mikilvægt að leggja áherslu á orð sín.

Kaupmannahöfn, 13. október 2016

Christian Juhl (EL)

Christian Poll (ALT)

Håkan Svenneling (V)

Iddimangiu Bianco (IA)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Torgeir Knag Fylkesnes (sv)

Norðurlandaráð

A 1695/presidiet

Flytjandi:

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna

Afgreiðsla:

Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00281-2